

Meykóngahefðin í riddarasögum

*Hugmyndafræðileg átöle um kymblutverk
og þjóðfélagsstöðna*

Á 14. öld varð gífurleg aukning í ritun frumnaminna íslenskra riddarasagna, eða rómansa.¹ Af fjölda handrita máætla að þær hafi verið mjög vinsælar. Afritun þeirra á handrit átri sér stað allt fram á 20. öld, sem virðist benda til þess að sögur þessar hafi verið vinsælar löngu eftir að ritunartíma þeirra lauk. Sömmuleiðis hafa margar hverjar varðveist í þó nokkrum gerðum (þ.e. bæði yngri og eldri). Það gefur til kynna að sögunnar hafi gengið í gegnum breytingar eða aðlaganir eftir því sem áherslur og áhugasvið lesenda breytust með tímanum. Sem dæmi má nefna að til eru meira en 70 handrit af *Mágnus sögu jarls*. Vel flest handritanna eru frá 17., 18. og 19. öld, en ekki verður farið nánar út í viðtökur á sögunum á seinni tímum sem þó væri verðugt viðfangsefni.²

Marianne Kalinke bendir á að íslenskir lesendur og áheyrendur á 14. öld hafi lesið (eða hlustað á) riddarasögur, hvort heldur innfluttar eða frumсандar, jafnhliða Íslendingasögum:

The Icelanders who produced, read, and listened to the sagas enjoyed diversity and took pleasure in their indigenous literature as well as foreign importations, as may be seen by the contents of one of the oldest collections of sagas, a codex dated ca. 1300–25, part of which may today be found in

1 Grein þessi er byggð á fyrirlestri sem haldinn var á Hugvísindabingi 5.–6. mars 2010. Rannsóknirnar á meykóngahefðinni voru styrktar af Rannsóknarsíði RANNIS og umnar meðan höfundur var styrkþegi við Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Ármann Jakobsen las greinina yfir í frumgerð sinni og kann ég honum þakki fyrir margar gagnlegar ábendingar.

2 Allar upplýsingar um handrit riddarasagnanna eru fengnar úr *Bibliography of Old Norse-Icelandic Romances* sem tekin var saman af Marianne E. Kalinke og P.M. Mitchell (1985).

the Royal Library in Stockholm (Sth. Perg. 7 4to), part in the Arnamagnæan Institute in Copenhagen (AM 580 4to). (Kalinke 1990: 6)

Handritið sem Kalinke vísar í inniheldur meðal annars *Egils sögu*, frumstömu riddarasögurnar *Berings sögu* og *Konráðs sögu* og þýddu riddarasögurnar *Eliás sögu*, *Flórents sögu* og *Mágnus sögu*. Jafnframt bendir Kalinke (1990: 7) á að ef handritið, sem er sjálft afrit af eldri handritum, hefur verið ritað um 1300 þá má leiða líkur að því að ritun frumnaminna rómansa hafi verið hafin þegar í lok 13. aldar.

Af þessum sagnaarfi íslenskra riddarasagna virðast svo kallaðar meykóngasögur hafa notið mikilla vinsælda, ef fjöldi handrita er vísbending um vinsældir. Þær eru í hópi þeirra sagna sem varðveist hafa í hvað flestum handritum, hvort heldur sem lítið er til þýddra eða frumnaminna riddarasagna. Þær þar að nefna að bæði *Nítíða saga* og *Sigurðar saga þögla* hafa varðveist í yfir 60 handritum. Til samanhurðar hafa þýdda miðaldasagan *Tristrams saga ok Ísöndar* og frumanda gerðin *Tristrams saga ok Ísöndar* varðveist í færri en 10 handritum. Taka skal fram að hér er talmun til fjöldi handrita óháð aldri þeirra. Sumar sagnanna hafa varðveist í alle að fjórum miðaldahandritum (þ.e. rituðum á 13., 14. eða 15. öld). Vissulega getur verið varhugavert að notast við handritafjölda sem merki um vinsældir miðaldaskáldskapar. Mörg handrit hafa glatast, þá sérstaklega þau eldri, og sum hver hafa hreinlega eyðst upp af mikilli notkun eða sökum slakra aðstræðna (til að mynda vegna reykskemmda eða vatnsskemmda). Hins vegar er texti sem vekur lítinn áhuga lesenda ekki líklegur til að vera afritaður í fjölda handrita. Sömmuleiðis er vinsæll texti líklegri til að verða afritaður oftar en annar. Af þessu máætla að meykóngasögurnar hafi notið vinsælda, bæði á miðöldum og á seinni tímum. Tilvist þeirra endurspeglar því ákveðinn áhuga lesenda á efni þeirra og framsetningu þess.

Í grein þessari verður fjallað um meykóngahefðina og möguleg tengsl hefðarinnar við ákveðin hugmyndafræðileg átök í samtíma verkanna. Sögurnar eiga það allar sameiginlegt að fjalla um konur sem eru valdhafandi aðilar innan söguheimsins. Sérkenni meykóngasagnanna er að þær einnskörðast við konur og valdastöðu þeirra fremur en við karla og ævinyrí þeirra. Meykóngarnir netta að

takast á hendur hefðbundin kynhlutverk sín með því að eigna sér valdastöðu sem alla jafna tilheyrir karlkyns persónum. Þar leitast því næst við að viðhalda valdastöðu sinni með því að afneita biðlum sínum og lítilsvirða þá. Söguþráður sagnanna lýsir jafnan þessum átökum milli meykóngsins og biðlísins og því hvernig meykóngurinn er að lokum yfirhugaður af vonbiðli sínum. Það má því líta svo á að frásagnarfræðileg uppbygging sagnanna gangi út á að umlyta ákveðinni samfélagsgerð sem talist geti ógn við ríkjandi hugmyndafærði um kynhlutverk og samfélagsstöðu. Leitast verður því við að sýna hvernig túlka má meykóngasögurnar sem ákveðna (hvort heldur meðvitaða eða ómeðvitaða) viðleitni til að staðsetja kyngervi innan samfélags með því að staðsetja það innan frásagnarheimins.

Uppruni og aðlögun meykóngaminnisins

Almennt er talið að eftirtaldir sögur tilheyri meykóngahefðinni: *Dínus saga dramblátá*, *Clári saga*, *Nitida saga*, *Sigraróds saga frækna*, *Sigurðar saga þogla*, *Viktors saga ok Blátus* og *Partalopa saga*. *Gibbons sögu*, sem að öllum líkindum er afleidd útgáfa af *Partalopa sögu*, ætí einnig að flokka sem meykóngasögu. Sögurnar eru allar, að frátaltri *Partalopa sögu* og mögulega *Clári sögu*, frum-samdar á norrænu. Marianne Kalinke (1990) telur jafnframt fornaldarsögurnar *Hrólfs sögu Gautrekssonar* og *Hrólfs sögu kraka* til meykóngasagna. Hins vegar má benda á að þrátt fyrir að fornaldarsögurnar tvær hafi vissulega að geyma minnið um meykónginn, þá myndar það minni ekki grunn sögunnar. Fremur er um efnisþátt að ræða í lengri frásögn sem eftir sem áður beinist að fjölskyldutengslum, afrekum og örlögum karlhefjunnar.³ Saga af Þorbjörgu

3 Þó ber að taka fram, eins og Kalinke bendir á, að greinileg tengsl eru á milli fornaldarsagnanna tveggja og rómansanna hvað varðar ákveðin efnisatriði og frásagnarþerfi. Seinni tíma aðgreining á milli fornaldar- og riddarasagna (sem byggir aðallega á efnistöku, þ.e. innlendum vs. erlendum persónum, atburðarís eða staðserningum) hefur að öllum líkindum minna með skilning málaldamanna á bókmenntategundunum að gera en okkar eigin (sjá til að mynda grein Torfa Tulinus (1990) þar sem hann fjallar um hlutverk landfræði í sögunum sem og við flokkun þeirra).

í *Hrólfs sögu Gautrekssonar* gefur hins vegar til kynna að vísitími að meykóngaminninu sé þegar til staðar þegar fornaldarsagan er rituð. Þorbjörg telur sig konung, klæðist karlmannsfötum og berst ásamt mönnum sínum. Hún er þótrafull og erfið viðureignar fyrir tilvonandi biðla og er niðurlægð (með „klámhöggi“ Ketils) áður en hún gefur sig biðli sínum á vald (*Hrólfs saga Gautrekssonar* 1891: 24). Hins vegar hlýðir Þorbjörg föður sínum umsvifalaust þegar hann biður hana að „leggja styrjöld ok samþykjazz Hrólfi konungi ok hlíta hans forsjá“ (Sama: 24–25). Hún kastar þá um leið herklæðum sínum, fer í kvenmannsföt og sest hjá móður sinni, og það er tekið fram að með henni og Hrólfi tákist „göðar ástir“ (Sama). Áherslan er því eftir sem áður á hefjuskap Hrólfs og hjónabandsaming milli tveggja karlmannna. Í síðari meykóngasögu erur biðillinn aftur á móti kappi við meykónginn sjálfan og fær hennar með því að vinna bug á henni sjálfri. Aðaláherslan er því á samskiptum kynjanna og sigri karlsins á meykónginum fremur en á bónorðinu sjálfu og samlífi þeirra eftir brúðkaupið.

Það er því ákveðin grundvallarmunur á fornaldarsögunum og þeim sögum sem á eftir koma. Í fornaldarsögunum birtist meykóngaminnið sem einn efnisþáttur af mörgum en í hinum síðari er meykóngaminnið orðið grundvöllur og aðalviðfangsefni sagnanna. Hvort heldur sem fornaldarsögurnar tvær eru taldar tilheyra meykóngahefðinni eða ekki (og um það má vissulega deila, enda eru meykóngasögurnar sjálfar langt í frá samlettur hópur) þá eru meykóngasögurnar vel flestar frumsamdar riddarasögur og tilheyra að því að best er vítað 14. öldinni.

Uppruni meykóngaminnisins er óljós og eru fræðimenn ekki allir á eitt sáttir um þróun þess. Carol Clover (1986: 35–49) telur meykóngaminnið vera sprotið úr forngermönskum sagnaarfi um skjaldmeyjar. Hún vísar meðal annars í *Gesta Danorum* eftir Saxo Grammaticus þar sem slíkum kvenhefjum er lýst sem óvægnum kvenmönnum sem tekið hafa upp klæðaburð, hegðun og líkamsburði karla.⁴ Jóhanna Karín Friðriksdóttir rekur minnið til norræna sagnahéða um skjaldmeyjar, en telur að meykóngurinn

4 Sjá einnig Saxo Grammaticus 1998: 7. 212.

birist fyrst sem fullgild sögupersóna í fornaldarsögumi *Hrólfs sögu Gautrekssonar*.⁵ Marianne Kalinke (1990) litur hins vegar svo á að uppruna minnisins sé að finna í úrbreiðslu og þróun bónorðsfararminnisins, sem hún tengir enn fremur við evrópska þróun riddarasagnahéðarinnar.⁶ Rætur meykóngaminnisins sé því ekki að finna í innlendum bókmenntahéðum, heldur öllu fremur í áhrifum innfluttra riddarasagna sem hafi haft að geyma slík bónorðsfararminni (Kalinke 1990: 66–108). Í vantanlegri grein rekur Kalinke frásagnarmynstur meykóngasagnanna til *Clári sögu*, en bendir jafnframt á að þær sæki ákveðnar grunnhugmyndir um eðli átaka meykóngsins og biðlísins í fornaldarsöguna *Hrólfs sögu Gautrekssonar*.⁷ Claudia Bornholdt (2005) rekur uppruna bónorðsfararminnisins í bók sinni *Engaging Moments*. Hún telur að „Brautwerbung“-minnið sé upphallega þýskt minni sem hægt sé að tímasefja fyrir innreið frönskumönnum í þýskt menningarlíf. Uppruna þess sé að finna í Vestur-Frankaveldi, en vitnisburð um slík móttf sé að finna á rituðu forni þegar á 6. öld. Bornholdt telur því líklegt að móttífin hafi varðveist í munnlegri geymd í norðvesturhluta Þýskaland áður en þau urðu að fullgildum minnum.

Jafnvel þót meykóngasögurnar sem bókmenntaregund falli vissulega undir bónorðsfararsagnagerðina, að því leyti að þær lýsa bónorðsför karlkyns söguheiti, þá er engu að síður grundvallarmunur á þeim. Í meykóngasögnum beinist athyglin ekki að biðlís-

5 Jóhanna Kattrín Friðriksdóttir setur kenningar sínar fram í vantanlegri grein um þróun meykóngahéðarinnar og kann ég henni þakka fyrir að hafa veitt mér aðgang að greinni í frumgerð sinni (sjá bls. 4 í handriti). Vert er að benda á í þessu samhengi að Helga Kress fallar meðal annars um Þórbjörgu í bók sinni *Mátungar meyjjar* í tengslum við umfiðlun um „karlkonur“ en Þórbjörg er þó ekki talin til meykóngra þar (Helga Kress 1993: 113–117).

6 Með „bónorðsför“ á ég við það sem kallað hefur verið „brídal quest“ á ensku og „Brautwerbung“ á þýsku og vísar þar til ferðalags sem karlheita sögunnar leggur í í þeim tilgangi að biðja sér ákveðinnar brúðar. Bónorðsfararsögum og frásagnáttum þeirra hafa verið gerð góð skil í fjölda bóka og greina og má þar til nefna bók Marianne Kalinke, *Brídal-Quest Romance in Medieval Iceland* (sjá einng. Geibler 1955, Anderson 1985 og Bornholdt 2005).

7 Ég fékk spurn af umræddri grein Kalinke þegar þessi grein var þegar hjá ritstjóra en ég vil þakka Marianne Kalinke sérstaklega fyrir að hafa veitt mér aðgang að henni í handriti (sjá bls. 4–5 í handriti).

för söguheittunnar heldur fremur að stöðu konunnar. Þessi áherslubreying gefur til kynna ákveðin umskipti í meðförum og áhugasviði bæði höfundna og lesenda. Ævintýri karlheittunnar eru ekki lengur í forgunni, heldur er einhlínt á átökin sem eiga sér stað milli karlmanna og kvenna í valdastöðum innan þjóðfélagsins. Áhersla er lögð á stöðu konunnar sem ofjarl biðlísins, bæði hvað varðar vitsmuni og þjóðfélagsstöðu. Hann þarf að sýna fram á að hann sé verðugur hennar með því að færa sönnur á karlmannlega frækni og að staðfesta að hann sé jafningi hennar eða beri af henni hvað varðar kunnáttu og gáfu. Enn fremur hefur brúðurin í meykóngasögnum líkinn áhuga á að giftast yfirleitt. Brúðirnar í bónorðsfararsögum hafa hins vegar lítið sem ekkert um örlög sín að segja. Þær eru annaðhvort birbein öllkra biðla, biðlísins og föðurins, eða eru óvirkir þátrækendur í bónorðsförinni sjálfri.⁸ Þessi áherslubreying í efnismeðförum gefur til kynna breytta forsendur fyrir ritun sagnanna, og bendir til þess að þær gegni að því leyti öðru hlutverki en evrópskar systursagnir þeirra um bónorðsfarir. Meykóngasögurnar móta því ákveðinn undirflokk í himni samevrópsku bókmenntahéð brúðarfararsagna sem er, að því er virðist, séríslenskt fyrirbæri. Um þær tvær sögur sem eru þýddar úr öðru máli, þ.e. *Partalopa sögu* og *Clári sögu*, gilda hins vegar önnur lögmál og er því rétt að beina sjónnum okkar að þeim.

Partalopa saga er norræn þýðing á franskrri riddarasögu frá 12. öld. Í þýðingunni hefur kvenpersónan, Melior, breyst úr keisarynju í franska textanum yfir í meykóng í íslenska textanum: „ólk sem hon var .xv. verra gömvl þa andadizt fadir hennar en hon var þa

8 Claudia Bornholdt beinir athygli lesandans að því að bónorðsfararsögur í *Gesta Danorum* innihalda efnisatriði sem virðast vera áfnörkuð við norrænu heðina, þ.e. að bónorðir virðist vera háð samþykki brúðarinnar (en ekki föðurins). Þetta efnisatriði (samþykki konunnar) er hins vegar ekki að finna í frönskum, þýskum og öðrum evrópskum bónorðsfararsögum. Þó að samþykki þeirra sé krafist eru þær engu að síður óvirkir þátrækendur í biðunarferlinu og eru yfirleitt yfirhugðar með tófrum. Bornholdt bendir hins vegar á að konunnar í elstu bónorðsfararsögnum séu ekki hlutgerðar sem víðfang bónorðsfararinnar eingöngu, heldur séu þær þátrækendur í atburðum og gjarnan sé erftit að sigra þær. Af þessu má ráða að það sé kominn ákveðinn vísir að meykónginum sem hefur virðið neitunarvaldið sem er einungis víðað að hér (Bornholdt 2005: 211).

meykongur yfir öllv ríkinu“ (*Partalopa saga* 1983: 2).⁹ Upprunalegi textinn segir frá Pardonopeu, systursyni konungs Frakklands, sem fer afvega í veiðiferð. Hann gengur fram á manlaust skip sem ber hann því næst í konungsdæmi þar sem þegnarir eru allir ósynilegir. Um nóttina þegar hann leggst til svefns kemur til hans dularfull vera sem reynist svo vera ung kona. Pardonopeu er gripinn losa og sviptur hana meydómnum. Hún tilkynnir honum að hún sé keisaraynja yfir Miklagarði. Hún hafi valið hann sem eiginmann, en að þau þurfi að bíða í halft þriðja ár með brúðkaupið, eða þar til hann hafi náð aldri. Á meðan megi hann ekki lífa hana augum. Hann brýtur boðorð hennar, en þau setrast að lokum, ganga í hjónaband og hann verður keisari yfir ríkinu.

Í íslenska textanum hefur frásagnaröðinni verið breytt og textinn hefst því á Marmoríu (sem er íslenska heiti Melior). Hún flytur Partalópa til sín, eins og í franska textanum, en ákveður að halda honum fyrir sig þar sem

hon villdi óngvann mann lata vera sier ríkara ef hon mætti rada ok sa hon þat sem var at sa mvrndi keisari verda yfir allri Grecia er hennar feingi ok sa mvrndi ríkari verda en hon ok þotti henni þat mikil minkan at heita sidan keis<ar>ina þar er advr het hon meykongur yfir (Partalopa) ok morgvm óðrvm hóðingvrm. (*Partalopa saga* 1983: 8)

Þessi staðhæfing Marmoríu gefur til kynna ákveðna grundvallarbreyingu frá upprunarexatanum en þar er engar slíkar vangaveltur að finna um stöðu kvenna og vald. Sjálfur titillinn „meykóngur“ gefur til kynna að hún hefur yfirtekið karlæga valdasöðu konungs eða keisara. Samkvæmt málvenjum ætti hún að bera titilinn „drottning“ eða „keisaraynja“ rétt eins og hún gerir í franska textanum. Meginumskiptin frá franska textanum felast þó í yfirlýsingu hennar að

9 Titlunin er úr handriti A1 (AM 533 4to). Notast verður við A1 nema annað sé tekið fram. Bæði A1 og A2 (Stockh. Perg. Fol. Nr. 7) vísa hér til Marmoríu sem meykónigs en B1 (Stockh. Papp. Fol. Nr. 46) tekur það ekki sérstaklega fram. B1 vísar engu að síður til hennar sem meykónigs síðar í sögunni (sjá bls. 8). Um tengslin milli norrænu og frönsku gerðar sögunnar og aðlögun norrænu sögunnar að meykónigahetöinni sjá Sif Ríkharðsdóttur 2006: 154–216. Benda má á að Marianne Kalinke fjallar einnig um *Partalopa sögu* og tengsl við meykónigahetöina í væntanlegri grein sinni.

hún hafi ekki í hyggju að giftast þar sem það feli í sér afsal á völdum hennar í hendur eiginmannsins. Í franska textanum er einungis um ákveðinn biðtíma að ræða og gildir það um allar aðrar gerðir sögunnar (Sif Ríkharðsdóttur 2006: 154–216). Hinna norræni meykongur tekur það hins vegar fram að hún vilji „óngvann mann lata vera sier ríkara“ (*Partalopa saga* 1983: 8). Með því að giftast gefi hún upp það vald sem felst í stöðu meykónigsins þar sem hún þarf þá að gefa eftir konungssætið til eiginmannsins, en taka sjálf annars flokks stöðu drottningar. Valdið felst því ekki í því að hún sé í ráðandi stöðu (til að mynda sem keisaraynja), heldur í því að hún taki sér stöðu karlkyns drottara og geti sem slík drottin að í nafni hans, það er að segja sem meykóngur. Með því að titla sig sem meykóng gefst henni færi á að ganga inn í kyngertvi sem að öllu jöfnu væri helgað karlmönnum, án þess að gefa upp kyngerði sitt að öðru leyti.

Óvíst er hvort breytingin á *Partalopa sögu* er til orðin með seinni tíma endurritunum, eða hvort hún hafi verið hluti af upprunalegri þýðingu textans. Jafnan hefur verið talið að *Partalopa saga* sé þýdd í Noregi á tímum Hákonar konungs Hákonarsonar (r. 1217–1263) eins og á við um flestar af þýddu riddarasögunum. Lise Præstsgarð Andersen bendir hins vegar á að það sé ekkert sem gefi til kynna að sagan sé frá 13. öld né að hún sé norsk að uppruna (*Partalopa saga* 1983: xix–xxi). Það hafa engin handritabrot eða merki um slík handrit fundist í Noregi, eins og í tilvikum *Flóres sögu ok Blankeflúr*, né ber hún þess merki að vera undir áhrifum norskra málvenja á 13. öld. Stull hennar er jafnframt ólíkur þeim sem einkennir meðal annars *Tristram sögu* og *Strengleika* sem þýddar voru á 13. öld í Noregi. Andersen telur enn fremur að söguna hafi verið að finna í glötuðu handriti sem nefnt hefur verið Ormsbók (Ormr Snorrason bók) (*Partalopa saga* 1983: xlviil–lxv). Talið er að handritið Ormsbók hafi verið ritað á síðari helming 14. aldar, og áætlað Andersen því að textinn hafi að öllum líkindum verið saminur um miðbik aldarinnar. Það má því vel ímynda sér að *Partalopa saga* sé til orðin á Íslandi á 14. öld, rétt eins og vel flestar meykóngasögurnar.

Greinilegt er þarafleioandi að sagnaminnið um meykónginn og formgerð meykóngsagananna hefur verið þekkt á Íslandi meðal

áheyrenda hinnar þýddu *Partalopa sögu*. Þessi aðlögun textans að staðbundnu sagnaminni gefur til kynna ákveðinn áhuga ritara og áheyrenda á efniinu og gildi þess fyrir samtímamenn sögunnar. Hin varðveitra gerð *Partalopa sögu* staðfestir því að sagan hafi breyst í meðförum þýðanda (eða ritara). Mögulega hefur eðnið þótr tilvalið til aðlögunar að meykóngahafðinni, eða það hefur hreinlega verið tülkað sem slíkt vegna ríkjandi hefðar fyrir sagnagerðinni í sögu- umhverfi höfundar. Aðlögun *Partalopa sögu* beinir athyglinni að mögulegri umbreytingu annarrar þýðdar meykóngasögu, *Clárrí sögu*. Í *Clárrí sögu* segir frá Clárrí keisarayni í Saxlandi sem fer í bönorðsför til Serenu konungsdóttur í Frakklandi þar sem hann er sneypur. Hann gerir nokkrar tilraunir til að vinna hana, en biður ávallt lægri hlur í viðskiptum þeirra. Hann nær á endanum valdi yfir henni með því að beita brögðum sem meistari hans Pétús frá Arabú leggur fyrir. Hún er yfirbuguð kynferðislega og niðurlægð áður en hann tekur hana til sín sem eiginkonu og keisaraynju yfir Saxlandi.¹⁰

Talið hefur verið að Jón Halldórsson, síðar biskup í Skálholti frá 1322 til 1339, hafi flurt söguna með sér til Íslands á fyrri hluta 14. aldar. Jón Halldórsson var norskur að þjóðerni og nam í París og Bologna áður en hann var vígður til biskups á Íslandi.¹¹ Tekið er fram í upphafi textans að Jón hafi fundið hana „skrifaða með látinu í Frannz í þat form, er þeir kalla, rithmos“, en vér köllum hend- ingum“ (*Clárrí saga* 1907: 1). Ef tilvitnunin er rétt er engu að síður óvíst hvort Jón biskup Halldórsson bar latneska textann með sér til Íslands, eða hvort hann þýddi söguna erlendis og flurti hana með sér í því formi. Shaun Hughes (2008: 146–149) heldur því fram í nýlegri grein að *Clárrí saga* sé ekki þýðing heldur sé hún frumsamín af Jóni Halldórssyni. Hann telur tilvitnunina í latneska fyrirmynd vera stíl-

10 Hér ber að taka það fram að Serena er ekki titluð meykóngur í textanum sjálfum, en sýnir engu að síður sama hegðunarmynstur og aðrir meykóngar. Frásagna- fræðilega uppfyllir sagan öll einkenni meykóngasagnanna, þ.e. afreittun á bön- orði, lífllækun biðils, yfirbugun með göldrum eða blekkingum, kynferðisleg (og/eða líkamleg) niðurlæging, og að lokum sáttir og staðfesting á nýrri stöðu meykóngsins sem undirgefin eiginkona og drottning.

11 Um ævísgríp Jóns biskups Halldórssonar, sjá Gunnar Kristjánsson 2006: 36–37, 505.

bragð sem sé til þess gert að já textanum ákveðinn framandleika og fræðilegt gildi.¹² Hann bendir meðal annars á að textinn séu ríkur af íslenskum málsháttum og að bersýnileg áhrif latínu í málfari séu ekki til komin vegna frummálsins í þýðingarferlinu, heldur vegna áhrifa latneskrar rihfeðar á stíl og ritmál Jóns (Hughes 2008: 136–144). Karl G. Johannsson (1997: 223) afneitar hins vegar öllum tengslum við Jón biskup. Hann bendir á að handritið AM 657 a–b, 4to, sem hefur að geyma elsta texta *Clárrí sögu*, sé framleitt af fag- legum ritara og að hægt sé að tengja það við bókaframleiðslu í klausurinu á Þingeyrum í Húnavatnssýslu. Slík „scriptoria“ hafi meðal annars framleitt handrit fyrir Noregsmarkað og því sé ekki hægt að telja norskan málstíl afgerandi sönnun fyrir norskum upp- runa höfundar eða þýðanda.¹³ Hann telur engu að síður að sagan sé þýdd úr latínu. Marianne Kalinke (2008) rekur að lokum áhrif miðágbýsksku á textann og tengir það við áhrif þýskumælandi hansa- kaupmanna í Bergen, þar sem Jón drvaldi áður en hann varð biskup í Skálholti.¹⁴ Hvort heldur sem Jón biskup þýddi söguna eða ekki er upprunalega latneska verkið glatað (ef það var þá nokkurn tíma til) og er *Clárrí saga* cína útgáfa verkisins sem varðveist hefur.

Clárrí saga hefur jafnan verið talin elst af þeim meykóngasögum sem varðveist hafa. Auðveldara hefur verið að aldursgreina hana en

12 Daniel Savborg (2007) bendir einnig á að slíkar tilvitnaniir séu alþekktar innan riddarasagnahafðarinnar og því eigi ekki að taka þær bókstaflega, sjá sérstaklega bls. 559 og 578.

13 Alfired Jakobsen (1964) fjallar um áhrif norskra málvenja á söguna og telur slík áhrif meðal annars benda til þess að sagan hafi verið þýdd af Norðmanni (þ.e. af Jóni biskupi Halldórssyni). Stefán Karlsson (1979) bendir hins vegar á að allt fram til 1400 hafi þakur verið ritaðar af Íslendingum fyrri Noregsmarkað og rit- arar þá aðlagð stíseiningu að norskum málhefðum. Slík merki um norska stá- senningu þjá riturum séu hins vegar hverfandi eftir 1400 þegar þakur virðast hafa verið framleiddar einungis fyrir heimamarkað og þar með fyrir íslenska lesendur.

14 Kalinke telur enn fremur að söguþráður *Clárrí sögu*, sem og ein aðalpersónan, Meistarí Pétús, séu sprottin úr sögum sem Jón hafi heyrt meðan á námi hans stöð í París og Bologna (Kalinke 2008: 24, sjá einnig Kalinke 1990: 106–108). Þarín Vili- bjálmsson (1951: viii–ix) telur fram í útgáfu sinni á *Clárrí sögu*, að eðnið hafi mögulega verið kunnugt, og þá sérstaklega sögur af Pétús jarntmeistarara. Af honum hafi meðal annars varðveist ævintýrið, „Af meistara Pero og hans leikum“ í *Ís- lendskum ævintýrum* og „Pátr af meistara Pero“ í *Leit eg stúdur til landa*. Shaun Hughes (2008: 152–156) bendir einnig á margvísleg rittingstl við ævintýri og þjóðsagnir.

margar sagnanna þar sem miðað hefur verið við lífshlaup Jóns biskups Halldórssonar. Það hefur því oft verið hitið svo á að meykóngahéðin spreiti upp með þýðingu sögunnar. Ef þýðingafæri *Partalopa sögu* er haft í huga má á hinn bóginn velja því fyrir sér hvort *Clári saga* hafi ekki mögulega gengið í gegnum álka aðlögunarferli. Sagan af Clárusi hafi verið aðlöguð eða henni umbreytt í séríslenska meykóngasögu. Texti *Clári sögu* er, eins og áður segir, varðveittur í skinnhandriti, AM 657a-b, 4to, rituðu á síðari hluta 14. aldar.¹⁵ Það er því ljóst að formgerð og efnisþættir meykóngasagnagerðarinnar eru þegar til staðar um miðja 14. öldina og að öllum líkindum þó nokkru fyrir, samanber tilurð minnisins í fyrri-nefundum fornaldarsögum. Elsta handritsbrot *Hrólfs sögu Gautræssonar*, AM 567 XIV b, 4to, er talið vera frá um 1300 (*Hrólfs saga Gautræssonar* 1891: v-vi). Má því leiða líkur að því að ákveðnir efnisþættir hafi þegar verið til staðar á 13. öldinni, en að meykónganinnið sem slíkt mónst og festist í sessi sem bókmennataminni á 14. öld.

Vissulega má líta svo á að þýðandi eða höfundur *Clári sögu* hafi verið frumkvöðull að meykóngahéðinni og að áður höfundar sem honum fylgdu hafi líkt eftir framseiningu hans. Í ljósi þýðingafæris *Partalopa sögu* er hins vegar líklegra að ákveðin minni hafi þegar verið til staðar í innlendi sagnagerð. Tilvist fornaldarsagnanna sem innihalda slík minni sýður þá kenningu að *Clári saga* byggist á þekktu efni fremur en að hún innleiði nýtt eða framandi efni. Er-lendu sögurnar hafi þá innihaldið efnisþætti (það er konur í valdaströðum) sem voru tilvaldir til aðlögunar að slíku frásagnarformi. Það hafi því verið kunnugleg frásagnarmótif sem leiddu til þess að verkin voru þýdd eða þau öðluðust vinsældir innan hins nýja lesendahóps. Vísirinn að meykónganinninu hafi þar af leiðandi verið kominn þegar á fyrri hluta 14. aldar þegar *Partalopa saga* og *Clári saga* eru mögulega þýddar (og breyttir það þá litlu hvort *Clári saga* er þýdd eða frumsamin) og er orðið að þekktu og ströðluðu minni um miðja öldina.

¹⁵ Gustraf Cederschiöld tímasettur handritið á þriðja fjórðungi 14. aldar (*Clári saga* 1907: xxxii). Marianne Kalinke og P.M. Mitchell (1988: 72) tímaseyja handritið síðla á 14. öld, en telja að sagan sé samín um miðja öldina.

Samfélagsleg togstreita

Vinsældir meykóngasagnanna leiða líkur að því að efni þeirra hafi á einn eða annan hátt vakið áhuga manna. Það má því fluga hvort þar endurspegli ákveðin samfélagsleg átök um kynhlutverk og þjóðfélagsstöðu kynjanna. Slíkar vangaveltur um kynhlutverk eru ekkert eindæmi en vinniburð um þar er að finna um gjörvalla Eyvöpu á miðöldum. Má þar sem dæmi nefna frönsku riddarasöguna *Yvain* eftir Chrétien de Troyes frá síðari hluta 12. aldar. Í sögunni birtast undirbyggandi samfélagsleg átök um vald og frök innan söguheimisins í ektjunni Laudine sem nauðsynlegt þykir að gífa sem fyrst til að verja ríki hennar gegn mögulegum innrásum. Í þessu tilviki felast ógninær einna helst í innrás völdugra biðla sem gætu þar með ógnað stöðugleika ríkis hennar. Einnig stafar ógn af tilkomu Arthúrs konungs (sem æðsta karllæga valdsins) sem í krafti stöðu sinnar gætu hrifað til sín lönd hennar og ráððskast með örlög hennar og þegna hennar. Þer sagan þess merki að ímynd hinnar vel ströðu ektju hafi að vissu leyti ógnað stöðugleika lénsskipulagsins sem byggðist á fedravaldi og karllægu forræði yfir kvenfólki innan fjölskyldunnar.¹⁶

Á Íslandi var ekki um sambærilegt þjóðfélagsmynstur né samfélagsgerð að ræða. Þó má sjá ákveðna endurómun af hlöðströðum vangaveltum í meykóngasögnum. Hinn ógefni kvenkyns valdhafl ógnar stöðugleika ríkisins þar sem hún verður skotspónn hinna ýmsu biðla sem leitast við að ná henni, og þar með veldi hennar, undir sig. Örtinn liggur einna helst í því sem aðgreinir kynin, þ.e. í hinum líkamlega styrkleika karlsins, sem birtist þá í hernaðarlegum styrkleika, og varnarleysi konunnar, sem yfirfarist þá á ríki hennar. Á hinn bóginn takast meykóngasögurnar á ólíkan hátt á við þessa ógnun. Í vel flestum sögnum ræður meykóngurinn yfir öflugum her sem er fullfer um að verja ríki hennar og þarf því biðillinn að beita öðru en líkamstyrk (og þar með hernaðaraffi) til að yfirbuga meykónginn. Í flestum tilfellum verður hún ekki ummin nema með

¹⁶ Um hjónaband og konur í Evrópu á miðöldum, sjá t.d. Duby 1986. Um heimildir sem beinast sérsaklega að 12. og 13. aldar hefðarífi í Frakklandi, sjá t.d. Baldwin 2000. Um stöðu kvenna og hlutverk hjónabands innan norræns samfélags á miðöldum, sjá t.d. Joehens 1995 og Gunnar Karlsson 1986.

prettum og kærsku. Það er ekki fyrir en hann hefur náð henni á vald sitt með vélum að hún er beitt líkamlegu (og þá gjarnan kynferðislegu) ofbeldi. Ofbeldið gegnir því tvíþætta hlutverki að staðsetja hana varanlega og endanlega í kynhlutverki sínu annars vegar og hins vegar að refsa henni fyrir þá niðurlægingu sem biðillinn hefur mátt þola fyrir tilstilli hennar.

Í *Clári sögu* beitir Clárus brögðum til að reyna að komast yfir meykónginn Serenu eftir að bónorði hans er hafnað. Tilraunum Clári til að yfirbuga hana er hrundið af henni þrisvar sinnum með því að byrja honum svefnlyf og láta húskarla sína húðstrýkja hann. Í þriðja skipið nær hann þó að yfirbuga hana og þau eyða nóttinni saman. Eftir tvær vikur biður hann hennar og fær, en um morguninn þegar hún vaknar er ófyrnileg skepna í rúmi hennar í stað Clári. Hún er neydd til að fylgja skepunni í 12 mánuði (en ekki kemur fram að samband þeirra sé kynferðislegt) en í lokin hitir hún Clárus fyrir aftur. Hann rekur henni kinnhest og sendir hana tilbaka til skepununnar þrúvegis áður en hann rekur hana í sátt. Lögð er áhersla á að tilgangur refsingunnar sé sá að Serena læri viðeigandi kvenlega hegðun, þ.e. tryggð og undirlæti.

Refsing Sedentíönu, meykóngsins í *Sigurðar sögu þogla*, endurómar mófít úr *Clári sögu*. Rétt eins og í tilfalli Serenu, snýr refsingin um að umhverfa hlutverkum þannig að meykónginn, sem afneitaði biðli sínum og beitti hann valdi, sé nú afhreitað og hann beittur valdi af þeim hinum sama biðli. Hins vegar er kynferðislegur undirtónn *Clári sögu* hér orðinn ríkjandi. Í stað ófreskjuunnar (sem reynist í lokin vera meistari Pétús í dulargervi) sem reynir á dyggð Serenu eftir að Clárus hefur afmeyjað hana kemur Sigurður sjálfur hér fram í forni hinna ýmsu ógeðfældu karlmynnda. Sigurður nauðgaminnar þrjár kallast á við löðrunana þrjá sem Clárus rekur Serenu eftir að árslangri prófraun hennar er lokið og hún hefur sannað sig sem hin dyggðuga og tryggga eiginkona. Hins vegar snýst ofbeldið í *Sigurðar sögu* ekki lengur um að láta reyna á síðferði tilvonandi brúðar. Tilgangur þess er öllu heldur að refsa henni og niðurlægja og þvinga hana í kynhlutverk sitt sem eiginkona og móðir með því að gera hana vanfæra.

Í báðum sögunum ná karlhefjurnar valdi á meykóngunum með því að yfirbuga þær kynferðislega. Hvorki *Clári saga* né *Sigurðar söga þogla* veita hér innsýn inn í tilfinningaheim Serenu eða Sedentíönu að öðru leyti en að staðhæft að þær hafi notið næturátakanna. Þegar Clárus vaknar eftir þriðju húðstrýkinguna staulast hann upp í rúm til Serenu þar sem ekki er annað að sjá en að hún fagni komu hins blóðuga prins í sang sína: „Hann vaknar at miðri nátt; ok þótt hann væri nokkur sturðr, man hann þó fullvel, hvert hann á hvíldar at vitiá, stúgr nú upp í sængina konungsdóttur ok hefir þar blíða nátt allt til morgins“ (*Clári saga* 1907: 51). Í *Sigurðar sögu þogla* er gamansamur undirtónn *Clári sögu* — þar sem konungsson vaknar „nokkur sturðr“ en lætur slíkt þó ekki aftra sér frá því að gamna sér í hvíluþrögðum — hins vegar horfinn. Eftir stendur valdbeitingin og ánynd konunnar sem er yfirbuguð af hinum ýmsu ófyrnilegu karlmynndum:

„Sem hon hafdi sier nidr kastrad undir steininn ser hon einn liorann og ljifinn duerg hia sier stannada. Hann hafdi suartann forsiðdan kyrtli af skinnum geruann, hann var digur og höfudmikill, enn eigi lengri enn einnar strika har. Hann m(æ)lti suo til hennar „Mun nokkur suo vera sem mier svynizt, og uisdomur minn uisar mier til ath hier ligger Sed(entíana) drott(ning) Treuetsborgar. Uisr munde þat enginn hryggja ath þu mæritir suo herfliga stódd vera. e(dur) huar willtu mier til gefa ath eg hialpe þier þessa noct til ljifs“, hun svarar „Duergar gírnazt miog æ gull, skal þier þess eigi skortur ef þu kemur mier ur þessum dauðans haska“. „allt annat uerd eg til þiggja“ s(egir) hann „uil eg haða skemtian af þijnum liosum ljikama þessa noct“. „Heldur uil eg deya“ s(egir) hun „enn þessu jata“.

...
Tekur hann þegar til hennar með milkiu afle suo at hun marti enngeva mostróðu ueita, og hann med henne alla skemtian heuir. (*Sigurðar saga þogla* 1962: 205–206)

Engu að síður er það sérstaklega tekið fram í textanum að Serena njóti næturgamansins með öllum þremur, enda kemur í ljós að um var að ræða Sigurð sjálfan.

Sú ógn sem karlmennskuinmyndinni stafar af höfnun meykónganna virðist því vera mjög ríkjandi innan sagnanna. Í *Sigrýndis sögu friðkæna* brigslar Ingigerðr Sigrýndi um skort á manndómi fyrir að

hafa ekki fullnægt henni um nóttina. Senan minnir um margt á *Cláris sögu* þar sem Clárusi er byrjað sverfnlyf þrívægis og hann húðstrýktur, þó að honum tækist að vinna sigur á henni í þriðja skipið. Sigrgarðr sefur að sama skapi af sér nóttina í rúmi hennar án þess að koma fram vilja sínum. Hann er því næst barinn af þrælum hennar, en kemst undan bráðum dauða með því að flýja þegar menn hennar hyggjast ráðast á hann. Það er ekki fyrir en Sigrgarði tekst að vinna á álögunum sem lögð hafa verið á hana af Illri stjúpmodur að hann nær yfirráðum yfir henni og þau giftast.

Hins vegar snúast átökin ekki eingöngu um kynferðislegan sigur karlmannsins á meykónginum, heldur öllu fremur um það að eigna sér þær sem brúðir (sem felur augljóslega í sér kynferðisleg yfirráð). Brúðkaupið er tákningveg þeirrar valdayfirfærslu sem á sér stað þegar meykóngurinn afsalar sér titli sínum í hendur eiginnmannsins. Aherslan á giftinguna beinir því athyglinni að undirliggjandi togstreitu sagnanna hvað varðar vald, stöðu og kynferði sögupersóna. Í *Sigurrðar sögu þogla* missir Sedentána ekki völd sín fyrir en við giftingu, þó að Sigurrður hafi rænt hana sjálfþæði yfir eigin líkama og örlögum með því að geta við henni barn. Það líða þónokkur ár frá því að Sedentána missir meydóminn fyrir tilstilli Sigurrðar og þar til hann gengur að eiga hana. Í millitíðinni stjórnar Sedentána ríki sínu áfram en sonur þeirra vex upp í leynd. Tilfærsla konungsvaldsins á sér stað við giftinguna sjálfa, eða um átta árum eftir nauðganirnar.¹⁷ Í *Cláris sögu* á umbreytingin á meykónginum yfir í undirgeina eigin-konu sér hins vegar stað um leið og hún er yfirbuguð kynferðislega, enda virðist hún lífa svo á að hún tilheyrir þar með þeim hinum sama og yann bug á henni. Hvergi er minnst á hvað verður um ríki hennar á því ári sem líður meðan hún undirgengst raunir sínar með Péruasi í dulgerveri, en við staðfestingu hjónabandsins við Clárus tekur hann opinberlega við stjórninni.

17 Í því samhengi má benda á að sonur Sedentónu og Sigurrðar, Flóres, er þá orðinn sjö vetra. Hann er því kominn á þann aldur að tækast á hendur hlutverk sitt sem karlkyns erfingi og hefði því réttléga átt að taka við af móður sinni (þótt ekki væri nema að nafninu til) sem gerir endurkomu Sigurrðar nauðsýnlega þegar hér er komið sögu.

Þegar liúð er til uppbyggingar meykóngasagnanna kemur í ljós að þær eiga það allar sameiginlegt að um er að ræða ákveðið misræmi í þjóðfélagsstöðu konunnar og biðilsins. Þetta kemur sterkllega fram í *Viktors sögu ole Blávins*, þar sem Fulgídu, sem ræður yfir Indlandi, setur dreyrtrauða við bóhorð Viktors:

Var Wit(cor) hinn gladazi suo talandi. Þat er erindi mirt hingat til landz at biðia yduar mier til handa. drottningu seti ymizt rauda sem blod edur su-
 arta sem iord. so fellidum ordum talandi. mikil undr er had mikil dirf j
 huertum manni liggr er þu skyllidur treystazt at tala þui likum ordum vid oss.
 er þier þat uonar laus dul at ek m una vilia ganga med þier þort þu eigir hid
 fatreka Frackland þar sem ek aa hir agat(þazta land er j er heiminum sem
 Indi(a)land er. (*Viktors saga ole Blávins* 1964: 36)

Senan dregur athygli að ákveðnu misrægi í hegðun og viðhorfi meykónsins og biðilsins. Viktor er hinn „gladaziti“ sem gefur til kynna að hann geri sér ekki grein fyrir því að hann sé mögulega ekki sanboðinn kvenkostinum sem hann hefur valið. Fulgíða, aftur á móti, gefur það sterkllega til kynna að henni sé misboðið að hann skuli gerast svo djarfur að biðla til hennar. Samskipti þeirra og viðbrögð hennar undirstrika þar með viðkvæma stöðu kvenna af æðri stéttum.

Þetta misræmi í þjóðfélagslegri stöðu meykónsins og biðilsins bendir til ákveðinnar togstreitu, ekki aðeins hvað varðar kynhlutverk, heldur einnig hvað varðar aðgengi biðla að sér samfélagslega æðri konum. Gunnar Karlsson (1986: 68) bendir meðal annars á að umfangsmikil hjónabandslöggjöf í íslenskum miðaldalagabálkum sýni ákveðinn samfélagslegan áhuga á „eignum og artarhagsmunum“. Slíkur áhugi gæti þá birst í bókmenntalegri nálgun þar sem lagra settir karlar ná yfirráðum yfir lendum meykónsins og auka þar með völd sín og ríkisdæmi á kostnað hennar. Carol Clover (1986) hefur sett fram þá kenningu að uppruna skjaldmeyja í íslenskum fornþókmenntum sé að finna í þjóðfélagslegum venum varðandi erfðarétt. Skortur á karlkyns erfingja leiðir til þess að dóttir þarf að taka að sér hlutverk og stöðu sonarins. Dóttirin kemur því í stað sonar tímabundið eða þar til öryggi artleggis hefur verið tryggt. Í öllum meykóngasögnum er meykóngurinn

einkaerfingi að veldi föður síns að því er virðist. Þær ógna því að mörgu leyti stöðugleika kerfis sem byggir á atartengslum og venslum sem ákvörðuð eru af karlmönnum.

Athyglisvert er í þessu sambandi að höfnun meykónganna á stöðluðu hlutverki og hegðunarmynstri kvenna (þ.e. að giftast og vera undirgefnar eiginmönnum sínum) felur ekki í sér afneitun á líkamlegu kynferði þeirra.¹⁸ Afneitunin hefur því ekki með kynferði þeirra að gera, enda er hvergi gefið til kynna að þær séu á einn eða annan hátt ósáttar við það að vera kvenkyns. Tögsitreitan hefur því öðru fremur með *kynngervi* þeirra að gera, þ.e. viðteknar hugmyndir um hlutverk, hegðun og atferli kvenna. Höfnunin felur í sér ákveðna ögrun eða andstöðu við þær samfélagslegu hegðunareglur sem þær ættu réttilega að undirgangast sem kvenmenn. Meykóngaminnið tekst því á einn eða annan hátt á við mismíð milli kynferðis og kynngervis, þar sem annað lýtur að líffræðilegu kyni, en hitt að menningarbundnu hlutverki þess kyns. Afneitun meykónganna á bónoörðum biðla sína felur því í sér höfnun á því hlutverki sem biður þeirra sem eiginkona. Hegðun þeirra gefur því til kynna ákveðna viðleitni til að endurmóta þá hugmyndirfræði sem liggur að baki skilningi miðaldamanna á kynngervi kvenna.

Þessi ímynd sterkra og ráðandi kvenpersóna birtist í fleiri sagnabálkum en meykóngasögnum. Má þar til dæmis nefna Íslendingasögurnar. Tilvist þessara sagna bendir til þess að ákveðin frásagnarfræðileg hefð sé fyrir slíkum kvenpersönnum. Það er því eðlilegt að spyrja hvort slíkar kvenpersónur séu mögulega birtingarmynd þjóðfélagslegra vangaveltana um sjálfræði íslenskra kvenna á miðöldum. Gunnar Karlsson (1986: 72–73) gagnrýnir hugmyndir um að slíkar bókmennir (og þá á hann við Íslendingasögurnar)

18 Benda má á í þessu sambandi að í *Sigraræði sögu fræna* tekur meykóngurinn Ingigerðir sér karlmannsnafnið Ingi. Engu að stöður er ekki um afneitun á kynferði að ræða heldur er nafnið, rétt eins og trillinn meykóngur, staðfesting á karlægri félagsstöðu hennar sem valdhafa. Ekkeðrt bendir til þess að um einhvers konar tilvísun í óræða kynmynd sé að ræða, enda kvennist Sigrarðir henni að lokum. Taka skal fram að í þessu tilfalli er um að ræða álog sem löggó hala vortí á hana, fremur en meðfrætt stolt eða áunnin réttindi eins og í mörgum sagnanna. Sagan gengur því út á að „leysa“ hana undan þeim álogum og finna henni réttmætan stað sem eiginkonan Ingigerðir.

gefi til kynna að konur hafi búið við meiri réttindi í íslensku miðaldabjóðfélagi en annars staðar. Hann tekur það fram að ekkert bendi til slíkra forrétinda í lagabálkum né í öðrum sagnfræðilegum heimildum.¹⁹ Hann telur því að ímynd kvenskörungssins sé bókmennalegt minni fremur en endurspeglun þjóðfélagslegrs raunveruleika. Það er engu að stöður staðreynd að bókmennataminnið um meykónginn virðist hafa þróast á Íslandi (og einungis hér). Það hefur jafnframt notið slíkrar hlyli að jafnvel óskýldar sögur sem þýddar voru úr öðrum menningarheimnum voru lagaðar að minninnu, eins og sjá má í *Partalopa sögu* og að öllum líkindum í *Clari sögu*. Carol Clover (1986) bendir enn fremur á að undirgjandi samfélagslegur kvíði komi sjáran fram í bókmennnum. Það sé því mikilvægt að greina slíkan undirtexta, og þá sérstaklega hvað varðar viðfangsefni sem að öllu jöfnu séu utan hefðbundinna sagnfræðilegra heimilda:

A collective fantasy has much to tell us about the underlying tensions of the society that produced it: and when the subject is one such as women, which the “legitimate” sources treat only scantily, the literary fantasy takes on a special importance. (Clover 1986: 36)

Mikilvægi hjónabandslöggjafar með tilfiti til vensla og erfðaréttar, eins og Gunnar Karlsson (1986) og Jenny Jochens (1986a, 1986b, 1993) benda meðal annars á, birtist þá mögulega í bókmennalegri framsögnunni í átökum milli meykóngsins og biðilsins. Meykóngurinn kemur þá fram sem óréttmætur valdhafi eignaréttar og biðillinn sem réttmætur kröfuhafi í krafti kynferðis og samfélagslegra hefða. Þannig takast sögurnar á við samfélagsleg viðbrögð við því þegar ættbogi í beinan karllegg raskast. Hins vegar skýrir það ekki hvers vegna meykóngunnum er jafn annr um að viðhalda stöðu sinni á kostnað karlkyns biðla sína eins og raun ber viti.

19 Jenny Jochens kemst sömuleiðis að þeirri niðurstöðu að engin merki séu um það að íslenskar konur hafi notið ákveðinna forrétinda eða sérrettinda fram yfir evrópskar kynsstarur þeirra sé hið til stöðu þeirra og réttinda eins og þau birtast í íslenskum miðaldalögum; sjá Jochens 1986a, 1986b, 1993.

Kynblutverk og þjóðfélagsstaða

Því má spyrja hvort meykóngasögurnar séu vitnisburður um einhvers konar snemmbúna kvenréttindastreifu eða hvort þær afneiti í raun hugmyndum um kvenlegt vald. Í öllum meykóngasögnum nær jafnvægi í lokin með því að meykóngurinn er yfirbogaður og hann (hún) giftist á endanum hinum forsmáða biðli sínum. Því er viðgengandi að fluga hvort meykóngasögurnar séu í raun að festa í sessi viðteknar venjur fremur en að vefengja þær. Staða kvenna innan þjóðfélagsins er þá staðfest með því að sýna dauðadæmda viðleitni þeirra til að taka sér stöðu sem er ekki þeirra. Því er spurning hvað lesendur og áheyrendur sagnanna hafi fyrst og fremst mótekið við lesnar þeirra. Upplíftu þeir velþöknun yfir að sjá konu í valdastöðu og í kynhlutverki sem að öllu jöfnu voru konum óaðgengileg? Voru sögurnar mögulega vakning til umhugsunar um þjóðfélagslega stöðu kynjanna? Eða snerust þær á endanum um að vara við því að konur gerðust svo djafnar að ganga gegn viðteknunum venjum og eigna sér karllæga þjóðfélagsstöðu?

Eins og dæmin úr *Sigríðar sögu þogla* hér að framan sýna er meykóngunum gjarnan refsað hefðlega fyrir hegðun sína. Sögurnar virðast að jafnaði ganga út á það að biðillinn ná að beygja meykónginn undir sig og ná þar með yfirráðum yfir bæði henni og veldi hennar. Ef horft er til *Cláru sögu* má segja að hún sé að vissu leyri rituð í anda dæmisagna, þar sem sýnt er fram á rétta hegðun sem lesendur geta þá tilenkjað sér. Undirgefni Serenu eftir að Clárus hefur stökkið upp í rúm til hennar, húðstrýktur og blóðugur, virðist vera á skjön við þótra hennar og ráðsnilld sem á undan kemur. Auðmýkt hennar og hlýðni gegnvar skepnunni sem hún telur vera eiginmann sinn minnr í raun um margt á hina dyggðugu Griseldu, sem birtist meðal annars í *Tíðlegri* Giovanni Boccaccio og *Sögu skólanansins í Kantaraborgarsögu* Geoffreys Chaucer frá 14. öld.²⁰ Hegðun Serenu gefur til kynna mögulega höfund-

²⁰ Shaun Hughes (2008: 155–157) fellar meðal annars um tengsl sögunnar við Griseidu-sagnamnið.

arætlun með ritun verkisins, þ.e. að draga upp mynd af sannri kvenlegri hegðun.²¹

Í *Sigríðar sögu frækna* er, eins og áður hefur komið fram, um álog að ræða sem Sigríðar nær að yfirvinna og verður meykóngurinn þar með að undirgefni og mjúklátri eiginkonu. Í öllum sögunum þurfa biðlarnir að sýna frækni, hugreki og kærsku til að vinna þær. Engu að síður er það svo að í flestum tilfellum eru þær unnar með aðstoð galdra, pretra og gjarnan fyrir tilstilli aðstoðarmanns. Þó er mjög misjafnt milli sögna hvernig þetta fer fram. Í *Dínus sögu drambláta* afneita bæði biðillinn og meykóngurinn ástinni en þau eru að lokum gefin saman af feðrum sínum. Sagan tekur því nokkuð öðruvísi á efni þar sem um er að ræða tvö þóttafull ungmenni. Sagan snýst því að vissu leyri meira um að vekja með þeim áströður. Henni lýkur engu að síður með því að þau ganga í hjónaband og Dínus vinnur þarrafleðandi sigur að því leyri að hann fær hennar.²² Það er því ekki svo að sögurnar sem slíkar sýni ákveðna yfirburði karlkynsins yfir kvenkyninu. Hins vegar er meykóngurinn yfirbogaður í þeim öllum og hinn niðurlægði biðill fær fram hefnd sína og stöðu konungs eða keisara á kostnað þeirra.

Það er því ólíklegt að sögurnar séu birtingarmynd raunverulegs sjálfstæðis kvenna á ritunartíma. Þvert á móti er líklegra að þær afneiti slíkum hugmyndum. Þær sýni þannig afleiðingar hegðunar meykónganna með því að refsa þeim hefðlega fyrir drambið og staðsetja þær varanlega í kyngevri sínu sem dyggar og undirgefna „drottningar“. Engu að síður er tilvist þeirra staðfesting á að slík kynjabarátta hafi verið talin hugsanleg og vakið áhuga lesenda og áheyrenda. Þær hugmyndir um kvenlegt sjálfstæði sem birtist í þeim hafi því þótt tilefni til umfjöllunar, hvort heldur sem víti til varnaðar

²¹ Hughes (2008: 157–158) bendir á að lærdómsgjafi sögunnar virðist hins vegar hafa vakið líkna áhuga síðari tíma lesenda og áhrifara þar sem stöðferðisráðikun sögunnans í lok sögunnar hefur iðulega verið felld úr í síðari tíma áfritum af sögunni.

²² Í *Gibbons sögu* er einnig um ákveðið afbrigði að ræða þar sem svo virðist sem sagan sé mögulega samsett úr tveimur ólíkum sagnabrotum, þ.e. afleiðni úrgáfu af *Pantolopa sögu* (Gibson og Greck) og aðskilinni hefðbundinni meykóngasögu (Gibson og Florentia).

eða sem tilraun til að umbylta ríkjandi karlægri hugmyndfræði. Vinsældir slíkra sagna gefa því til kynna ákveðna undirhiggiandi þjóðfélagslega togstreitu hvað varðar komur í valdastöðu. Benda má þó á að nokkur munur er innbyrðis á sögunum sem gefur mögulega til kynna mismunandi nálgun höfunda (og jafnvel lesenda eða áleynrendahópa) á efnið. Þessi munur á framsetningu og meðhöndlun meykóngunninnis grefur hins vegar ekki undan þeirri kenningu að þær endurspeglj ákveðna samfélagslega togstreitu hvað varðar kynhlutverk kvenna. Slíkur munur beinir öllu heldur athygliinni að þessari margbreytni í viðhorfi höfunda til meykóngunnis sem frásagnatræðilegrar hugsmíðar sem gefur til kynna að þær hafi þjónað fjölbreytilegum tilgangi meðal lesenda og áheyrenda sinna. Sögurnar má því túlka sem samfélagskipuninni getur stafað af slíkri riðlun kynhlutverka með því að beygja hinn völduga meykóng undir ríkjandi hugmyrindir um kynhlutverk og stöðu kvenna.

Hennildir

- Amory, Frederic. 1984. Things greek and the riddarasögur. *Speculum*, 59(3), 509–523.
- Anderson, Theodore M. 1985. 'Helgakvíða Hjörvarðssonar' and European bridal-guest narrative. *JEGP*, 84(1), 51–75.
- Anderson, Theodore M. 1994. Composition and literary culture in *Þiðreks saga. Studien zum Alagemanschen Festschrift für Heinrich Beck* (bls. 1–23). Rísiþj. Heiko Uecker. Berlin: Walter de Gruyter.
- Baldwin, John W. 2000. *Aristocratic life in medieval France*. Baltimore, MD: The Johns Hopkins University Press.
- Boberg, Inger M. 1966. *Motif-index of early Icelandic literature*. Hafniae: Munksgaard.
- Boccaccio, Giovanni. 1978. *Decameron: Opere di Giovanni Boccaccio* (bls. 3–697). Rísiþj. Cesare Segre. Milano: U. Mursia editore S.p.A.
- Boccaccio, Giovanni. 1999. *Tidelegra*. Erlingur E. Halldósson þýddi. Reykjavík: Mál og menning.
- Bornholdt, Claudia. 2005. *Engaging moments: The origins of medieval bridal-guest narrative*. Berlin: Walter de Gruyter.
- Butler, Judith. 1990. *Gender trouble: Feminism and the subversion of identity*. London: Routledge.
- Camille, Michael. 1998. *The medieval art of love: Objects and subjects of desire*. London: Laurence King.
- Chaucer, Geoffrey. 1987. *The Canterbury tales i The Riverside Chaucer* (bls. 3–328). Rísiþj. Larry D. Benson. Boston: Houghton Mifflin Company.

- Chaucer, Geoffrey. 2003. *Kantarborsögur*. Erlingur E. Halldósson þýddi. Reykjavík: Mál og menning.
- Chrétien de Troyes. 1968. *Yvain ou Le Chevalier au Lion*. Rísiþj. Jan Nelson og Carleton W. Carroll. New York: Appleton-Century-Crofts.
- Clari saga. 1991. *Riddarasögur V* (bls. 1–61). Rísiþj. Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Íslendingasagnauðgáfan.
- Clari saga. 1907. Rísiþj. Gustaf Cederschiöld. Halle A.S.: Max Niemeyer.
- Clover, Carol J. 1986. Maiden warriors and other sons. *JEGP*, 85(1), 35–49.
- Dínus saga dramblána*. 1960. Rísiþj. Jónas Kristjánsson. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Driscoll, Matthew James. 1990. Þegunn mikla: Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum. *Skaldskaparmál*, 1, 257–168.
- Duby, George. 1986. *Medieval marriage: Two models from Twelfth-Century France*. Elborg Forster þýddi. Baltimore, MD: The Johns Hopkins University Press.
- Den gammelnorske oversættelsen av Pamphilus*. 1940. Rísiþj. Ludvig Holm Olsen. Oslo: I Kommissjon hos Jacob Dybwad.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1964. Víktors saga ok Blávrus: Sources and characteristics. *Víktors saga ok Blávrus* (bls. cix–xciv). Rísiþj. Jónas Kristjánsson. Reykjavík: Handritastofnun Íslands.
- Flors saga ok Blankfyllir*. 1896. Rísiþj. Eugen Kölbling. Halle A.S.: Max Niemeyer.
- Gebler, Friedrich. 1955. *Bruttreuebung in der Wellenritze*. Halle A.S.: Max Niemeyer.
- Gibbors saga*. 1960. Rísiþj. R.I. Page. Copenhagen: Ejnar Munksgaard.
- Gubbjörg Aðalbergsdóttir. 1994. Niðrða og aðrir meykóngar. *Minnir*, 32–33, 49–55.
- Gunnar Karlsson. 1986. Kenningin um fornt kvenfréisi á Íslandi. *Saga*, 24, 45–77.
- Gunnar Kristjánsson og Óskar Guðmundsson (rísiþj.). 2006. *Saga biskupsstólanna: Stálholt 920 ára — 2006 — Hólar 900 ára*. Reykjavík: Hólar.
- Helga Kress. 1993. *Máttugar meyjar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Heiðreks saga. Hervarar saga ok Heiðreks konungs*. 1924. Rísiþj. Jón Helgason. København: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur.
- Hrólf's saga Gautrekssonar. 1891. *Zwei Fornaldarsögur (Hrólf's saga Gautrekssonar und Asmundarsaga kappabana)*. *Nach Cod. Holm. 7, 410* (bls. 1–78). Rísiþj. Ferdinand Dettler. Halle A.S.: Max Niemeyer.
- Hrólf's saga kraka ok kappá hans. 1981. *Fornaldar sögur Norðurlanda I* (bls. 1–105). Rísiþj. Guðni Jónsson. Reykjavík: Íslendingasagnauðgáfan.
- Hughes, Shaun. 2008. Klári saga as an indigenous romance. *Romance and love in late medieval and early modern Iceland: Essays in honor of Martine Kalinke* (bls. 135–163). Rísiþj. Kirsten Wolf og Johanna Denzin. Islandica 54. Ithaca: Cornell University Library.
- Íslenskt ævintýri: Isländische Legenden, Novellen und Märchen 2*. 1882–83. Rísiþj. Hugo Gering. Halle and der Saale: Buchhandlung des Waisenhauses.
- Jakobsen, Alfred. 1964. *Studier i Claris saga: Til spørsmål om sagens norske proveniens*. Bergen: Universitetsforlaget.
- Joehans, Jenny M. 1986a. Consent in marriage: Old Norse law, life, and literature. *Scandinavian Studies*, 58(2), 142–176.
- Joehans, Jenny M. 1986b. The medieval Icelandic heroine: Fact or fiction? *Viator*, 17, 35–50.
- Joehans, Jenny M. 1993. Gender symmetry in law? The case of medieval Iceland. *Arkiv för nordisk filologi*, 103, 46–67.

- Jochens, Jenny M. 1995. *Women in Old Norse society*. Ithaca: Cornell University Press.
- Jóhanna Katrín Friðriksdóttir. Vantanleg: From heroic legend to 'medieval screwball comedy'? The development and interpretation of the maiden-king narrative. [Verður gefin út í ráðstevnu sem rísið er af Armanni Jakobsyni, Annet Lassen og Agneta Ney].
- Johansson, Karl G. 1997. A scriptorium in northern Iceland. *Clarius saga* (AM 657 a-b 4to) revisited. *Sagas and the Norwegian experience: 10th International Saga Conference Trondheim 3–9 August 1997. Preprints* (bls. 323–331). Trondheim: Senter for Middalderstudier.
- Kalinke, Marianne E. 1986. An Arabic sister of the Icelandic maiden king. *Davidsteyn, sendur Davíð Erlingssyni fimmtungum 23. ágúst 1986* (bls. 36–38). Reykjavík.
- Kalinke, Marianne E. 1990. *Bridal-Quest romance in medieval Iceland*. *Islandica* 46. Ithaca: Cornell University Press.
- Kalinke, Marianne E. 2008. Clári saga: A case of Low German infiltration. *Scripta Islandica*, 54, 5–26.
- Kalinke, Marianne E., Vantanleg, Clári saga, Hrólf's saga Gautrekssonar, and the evolution of Icelandic romance. [Verður gefin út í ráðstevnu sem rísið er af Karl G. Johansson og Elise Mundal].
- Kalinke, Marianne E. og Mitchell, P. M. (ritstj.), 1985. *Bibliography of Old Norse-Icelandic romances*. *Islandica* 54. Ithaca: Cornell University Press.
- Lait og snúr til landa: Eivinnýri og helgisögur frá miðöldum*. 1944. Ritsji, Einar Olafur Sveinsson. Reykjavík: Heimskringla.
- Maryshina, Inna. 2006. Magic mirrors, monsters, maiden-kings (the fantastic in riddarasögur). *The fantastic in Old Norse / Icelandic literature: Sagas and the British Isles. Preprint papers of the 13th International Saga Conference, Durham and York, 6th–12th August, 2006* (bls. 660–670). Ritsji, John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick. Bindi 2. Durham: The Centre for Medieval and Renaissance Studies.
- Nitida saga. 1965. *Late Medieval Icelandic Romances* V (bls. 1–37). Ritsji, Agneta Loth. Copenhagen: Munksgaard.
- Partilopa saga*. 1983. Ritsji, Lise Pratsgaard Andersen. Copenhagen: C.A. Reitzels forlag.
- Parionopen de Blois*. 1967. Ritsji, Joseph Gilder. Villanova: Villanova University Press.
- Saga af Tristram ok Ísönd samt Míttills saga*. 1878. Ritsji, Gísi Brynjúlfsson. Kjöbenhavn: Det Kongelige nordiske oldskrift-selskab.
- Saxo Grammaticus. 1998. *The history of the Danes. Books I–IX [Gesta Danorum, Liber 1–9]*. Ritsji, Hilda Ellis Davidson. Peter Fisher þýddi. Cambridge: D.S. Brewer.
- Sävborg, Daniel. 2007. *Sagan om kärleken. Erotik, kärnor och berättarkonst i norron litteratur*. Uppsala: Uppsala Universitet.
- Sif Ríkharðsdóttir. 2006. *Cultural transformation in medieval translations: French into Norse and English*. (Doktorsritgerð). Washington University, St. Louis.
- Sigurgarðs saga frákná. 1965. *Late Medieval Icelandic Romances* V (bls. 39–107). Ritsji, Agneta Loth. Copenhagen: Munksgaard.

- Sigurðar saga þogla. 1962. *Late Medieval Icelandic Romances* II (bls. 93–259). Ritsji, Agneta Loth. Copenhagen: Einar Munksgaard.
- Stefán Karlsson. 1979. Íslandsk bogeksport til Norge i middelalderen. *Maal og Minne*, 1–2, 1–17.
- Strengleikar: An Old Norse translation of twenty-one old French lais. Edited from the manuscript Uppsala De la Gardie 4–7 — AM 666 b, 4to, 1979*. Ritsji, Robert Cook og Mattias Tveitane. Oslo: Norsk historisk kjeldeskriif-institut.
- Tófi Tulinius. 1990. Landfræði og flokkun fornsgagna. *Séðlidskaparnál*, 1, 142–156.
- Tristrams saga og Ísoddar. 1951. *Riddarasögur* VI (bls. 85–145). Ritsji, Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Íslendingasagnafélagið.
- Viktors saga ok Blævus*. 1964. Ritsji, Jónas Kristjánsson. Reykjavík: Handritasafnun Íslands.
- Weber, Gerd Wolfgang. 1986. The decadence of feudal myth — towards a theory of riddarasaga and romance. *Structure and meaning in Old Norse literature* (bls. 415–454). Ritsji, John Lindow, Lars Lönnroth og Gerd Wolfgang Weber. Odense: Odense University Press.

SKÍRNIR

TÍMARIT

HINS ÍSLENSKA BÓKMENNTAFLAÐS

184. ÁR

RITSTJÓRI

HALLDÓR GUÐMUNDSSON



REYKJAVÍK

Haustr · 2010